

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

25. febrúar 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Skólastarf er komið af stað á ný eftir gott vetrarfrí. Fyrir vetrarfrí var ýmislegt á döfinni, má þar nefna grímuball þar sem ýmsar furðuverur voru á kreiki. Sama má segja um öskudaginn en þá heimsóttum við 8 fyrirtæki í staðnum og fengum alls staðar frábærar viðtökur sem við þökkum innilega fyrir.

Starfið framundan:

Skíðaferð

Föstudaginn 27. febrúar verður skíðaferð hjá öllum skólanum upp í Tindastól, ef veður leyfir. Farið verður strax að morgni kl. 8:40. Áætlað er að leggja af stað úr fjallinu á bilinu kl.12:30-13:00. Nemendur fá nesti með sér frá skólanum og snæddur verður léttur hádegismatur áður en lagt er af stað heim. Nemendur bera engan kostnað af ferðinni.

Danskensla-danssýning.

Seinni hluti danskenslunnar hefst mánudaginn 2. mars og lýkur með danssýningu föstudaginn 6. mars kl. 11:50 í Höfðaborg þar sem við vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Foreldraviðtöl

Seinni foreldraviðtöl vetrarins verða þriðjudaginn 3. mars. Þann dag fara nemendur heim á hádegi. Umsjónarkennarar senda út nánari skipulagningu fyrir daginn þegar nær dregur.

Frammistöðumat

Fyrir foreldraviðtölin á þriðjudaginn óskum við eftir að nemendur og foreldrar taki þátt í frammistöðumati á Mentor. Frammistöðumat gengur út á að foreldrar setjist niður með börnunum sínum og aðstoði þau við að meta frammistöðu sína í náminu auk þess að svara spurningum er varða líðan, hegðun og fleira. Frammistöðumatið verður opið frá og með deginum í dag, 25. febrúar, til næsta sunnudagskvölds, 1. mars. Þið þurfið því að finna tíma á þessu tímabili til að vinna matið. Frammistöðumatið verður síðan lagt til grundvallar umræðunni sem verður í foreldra- og nemendaviðtölum 3. mars.

Teknar hafa verið saman eftirfarandi leiðbeiningar sem við vonum að komi ykkur að gagni við skráninguna:

1. Farið inn á mentor.is og skráið ykkur inn.
2. Veljið fjölskylduvef.
3. Veljið frammistöðumat, vinstra megin á síðunni.
3. Veljið Frammistöðumat-2014-2015 og hóp barnsins (smellið á skrifblokkina sem er hægra megin við stækkunarglerið).
4. Nú ættuð þið að geta skráð matið. Athugið að til þess að skrá smellið þið í viðeigandi reit en eftir því sem þið smellið oftast þá breytist merkingin í reitunum. Það er alltaf hægt að breyta skráningu í hverjum reit með því að smella oftast á reitinn.
5. Þegar þið hafið lokið skráningunni smellið þið á uppfæra (á stiku neðst á síðunni).

Ef þið viljið nánari upplýsingar eða leiðsögn getið þið haft samband við Bjarka í síma 453 7344 eða umsjónarkennara barnsins í sama síma.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi